

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 424. fundur

Föstudaginn 17. apríl 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

#### Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson (MÖG).  
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

#### Tekið fyrir:

1. Nýtt félag staðan
2. Fargjaldatekjur
3. Gjaldskrármál
4. Þjónustukannanir
  - a. Hulduheimsóknir
  - b. Strætó í fjölmiðlum
5. Áhættustýring
6. Strætó í Gufunes
7. Greiðslur
8. Uppgjör

#### 1. Nýtt félag - staðan

---

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna og tilfærslu þeirra til nýs félags. Lagt var fram vinnuþlagg um stöðu rekstrarframlaga eigenda fyrir árið 2025 og meðferð þeirra.

#### 2. Fargjaldatekjur

---

Fargjaldatekjur á fyrsta ársfjórðungi eru um 1% undir áætlun. Sala tímabils korta er undir áætlun en stöðugur vöxtur er í snertilausum greiðslum.

#### 3. Gjaldskrármál

---

Lagt var fram bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar dagsetta 30. mars 2026. Málinu vísað til umræðu eigenda. Fulltrúi Seltjarnarnes í stjórn Strætó bókar að hann óski eftir að málið verði rætt í samhengi við samþykktu og núgildandi eigandastefnu Strætó, sér í lagi lið 4.2 sem fjallar um rekstrarmarkmið og fargjaldastefnu fyrirtækisins.

#### 4. Þjónustukannanir

---

Markús Vilhjálmsson, fór yfir niðurstöðu hulduheimsókna og fjölmiðlaskýrslu Strætó fyrir árið 2025.

#### 5. Áhættustýring

---

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir breytingar á áhættustýringu hjá Strætó í framhaldi af breytingum sem verða á starfseminni. Stjórn samþykkir nýja áhættustefnu.

## 6. Strætó í Gufunes

---

Lagt var fram minnisblað um hugmyndir að útfærslu Strætó í Gufunes. Stjórn samþykkir að vísa málinu til borgarstjórnar Reykjavíkur.

## 7. Greiðslur

---

Málefnið lagt fram til kynningar.

## 8. Uppgjör

---

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að klára málið í samræmi við umræður á fundinum

**Fundi slitið 09:30.**

### Fylgiskjöl:

---

Alexandra Briem

---

Hrannar Bragi Eyjólfsson

---

Andri Steinn Hilmarsson

---

Kristín Thorarensen.

---

Örvar Jóhannsson

---

Magnús Örn Guðmundsson